

Opnunartími sundlauganna

Neslaug: miðvikudaga 17:00-21:00 og sunnudaga 10:00-14:00

Skeiðalaug: mánudaga-fimmtudaga 16:00-22:00 og laugardaga 10:00-14:00

Gaukurinn

Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

4.árg. 3.tbl. apríl 2024

Íbúafundur um uppbyggingu í Árnosi



Opnunartími á gámasvæðinu í Árnosi

miðvikudaga 14:00-17:00 og laugardaga 12:00-15:00

Grenndargámar við sundlauginu í Brautarholti og Félagsheimilið í Árnosi opnir allan sólarhringinn

Það eru kaldir páskar að baki og vonandi förum við að sjá hitann hækka og vindinn fara hægar um!

Það var góð mæting á íbúafundinn um uppbygginguna sem er fram undan í Árnesi. Um 80 gestir mættu og voru góðar umræður ásamt því að hægt var að koma sjónarmiðum á framfæri í gegnum spurningablöð sem margir tóku þátt í að svara. Búið er að vinna úr öllum þeim ábendingum sem komu fram og stutt er í að við fáum að sjá fyrstu tillögur að uppbyggingu á svæðinu. Við gerum ráð fyrir að sambærilegur fundur verði haldinn á næstu vikum þar sem við verðum komin lengra í ferlinu og með skýrari tillögur að þróun byggðar í Árnesi.

Á næsta sunnudag verður haldinn íbúafundur um verkefnin fram undan, boðaða kosningu um hvort breyta eigi nafni sveitarfélagsins ásamt því að fulltrúi Landnýtingar mun halda kynningu um fyrirhugaða uppbyggingu á tómataramleiðslu í Árnesi. Þar gefst íbúum tækifæri til að spyrja nánar út í verkefnið og fulltrúar Landnýtingar svara fyrirspurnum. Ég vil hvetja sem flesta til að mæta.

Orkumálin halda áfram að taka sinn skerf í daglegum störfum. Hafin er vinna á vegum Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra um endurskoðun á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun (rammaáætlun). Einnig stendur til að frumvarp um nýtingu vindorku verði lagt fram á Alþingi þegar það kemur saman eftir páskafrí. Enn bólar ekkert á frumvarpi um breytingar á skattaumhverfi orkuvinnslu en starfshópur



Pistill frá sveitarstjóra

fjármála- og efnahagsráðherra skilaði af sér tillögum til breytinga þann 8. febrúar síðastliðinn. Allt bendir til þess að sótt verði um framkvæmdaleyfi til byggingar Hvammsvirkjunar á komandi vikum og samhliða fari framkvæmdir við Búðafossveg í gang. Hvað Búrfellslund varðar, þá förum við fram á frestun á að innleiða hann á skipulag enda takmarkar vindorkuverkið landnotkun í okkar sveitarfélagi. Sökum þess að vindmyllurnar eru í Rangárþingi Ytra en áhrifasvæðið í báðum sveitarfélögum hefur Landsvirkjun ekki talið sig þurfa að sækja um Búrfellslund inn á skipulag hjá Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Að mínu mati er Búrfellslundur fordæmisgefandi mál um það hvort sveitarfélagi sé heimilt að skipuleggja vindorkuver á sveitarfélagamörkum annars sveitarfélags gegn vilja þess. Mikilvægt er að úr því verði skorið áður og lagumgjörð vindorkuvera verði gerð skýr hvað varðar umhverfisáhrif á sveitarfélagamörkum.

*Fleira er það ekki að sinni,
Haraldur Þór Jónsson*

ÍBÚAFUNDUR

um kosningu á því hvort breyta eigi nafni Skeiða- og Gnúpverjahrepps ásamt því að fara yfir þær framkvæmdir sem eru framundan og framtíðarhorfur sveitarfélagsins.

Framkvæmdastjóri Landnýtingar, Óttarr Makuch, mun kynna fyrirhugaða uppbyggingu mikillar framleiðslu á tótmötum til útflutnings sem fyrirhuguð er í Árnesi ásamt því að svara spurningum gesta.

Fundurinn verður haldinn í
Árnesi sunnudaginn 7. apríl kl. 20:00.

Hvetjum sem flesta til að mæta.

Úrval af hunda- og kattafóðri



LANDSTÓLPI

📍 Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi ☎️ 480 5600

📍 Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum ☎️ 480 5610

🌐 www.landstolpi.is
✉️ landstolpi@landstolpi.is

Fundargerðir sveitarstjórnar

Hægt er að nálgast allar fundargerðir sveitarstjórnar ásamt fylgiskjölum á heimasíðu sveitarfélagsins, www.skeidgnup.is

Miðfellshlaupið 1. júní 2024

Miðfellshlaupið verður haldið 1. júní og er verkefni sem er hugsað til að hvetja til almennrar hreyfingar og heilsuefingar. Hlaupið er unnið í samstarfi við Heilsueflandi Uppsveitir og opið öllum.



Boðið verður upp á þessar vegalengdir:

- 1.2 km (99% málbik)
- 3 km. (ganga/skókk)
- 5 km. (ganga/skókk/hlaup, byrjar í Miðfellshverfinu, skutl verður í boði)
- 10 km. (skókk/hlaup, byrjar við íþróttahúsið)

Hlaupið byrjar kl. 11 og liggur hlaupaleiðin á milli íþróttahúss á Flúðum og Miðfellshverfisins, og fylgir reiðveg og malarveg meðfram Miðfelli að vestanverðu.

Það verður ekki rásnúmer eða tímataka en það verður markklukka þar sem þátttakendur geta séð tíma sinn þegar í mark er komið. Vakinn er athygli á því að þátttökugjald er í formi greiðsluseðils í heimabanka eftir að hlaupi er lokið. Nánari upplýsingar má finna á fésbókarsíðunni: Heilsueflandi Uppsveitir og á heimasíðum sveitarfélaganna.

Í ár höfum við sem stöndum að Miðfellshlaupinu ákveðið að allur ágóði hlaupsins renni til vinnustofu VISS á Flúðum. VISS á Flúðum er sértækt þjónustuúrræði og jafnframt vinnustaður fyrir fatlað fólk og fólk með skerta starfsgetu frá 18 ára aldri þar sem veitt er hæfing, félagsþjálfun, starfsþjálfun og vernduð vinna. „Enginn getur allt en allir geta eitthvað“ er haft til hliðsjónar í öllum þáttum starfsins á VISS.

VISS hefur tekið virkan þátt í samfélagslega verkefnum þannig að eftir því er tekið. Þau hafa t.d verið með ratleik, "steinar sem gleðja" verkefnið, perlað fyrir Kraft og safnað fyrir góðum málefnum.

„Enginn getur allt en allir geta eitthvað“



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps kemur út um hver mánaðarmót í rafrænu formi ásamt því að prentaða útgáfu er hægt að nálgast í Neslaug, Skeiðalaug, Þjósárskóla, Leikholti, skrifstofu sveitarfélagsins, félagsheimilinu í Árnesi og í versluninni Árborg í Árnesi. Hægt er að kaupa auglýsingar í blaðið og skal senda auglýsingar og aðsendar greinar til gaukurinn@skeidgnup.is

Útgefandi: Skeiða- og Gnúpverjahreppur. **Ábyrgðarmaður:** Haraldur Þór Jónsson



LEIKFIMI FYRIR ÞIG

Opinn tími fyrir alla 60+ og aðra sem eru í endurhæfingu eða eru utan vinnumarkaðar. Tíminn er kl. 10 á mánudögum í íþróttahúsinu á Flúðum.



Leiðbeinandi: Gunnar Gunnarsson, íþrótt- og heilsufræðingur

Aðalfundur Búnaðarfélags Gnúpverja verður haldinn í Árnesi þriðjudaginn 23. apríl klukkan 20:30.

Dagskrá

1. Skýrsla formanns
2. Skýrsla gjaldkera
3. Kosningar samkvæmt lögum félagsins

Kaffihlé

4. Bygging athafnahúss við Þingbraut
5. Erindi frá ferða- og skemmtinefnd
6. Önnur mál

SUNDLAUGARVÖRÐUR

ÓSKAST

Skeiða- og Gnúpverjahreppur óskar eftir starfsmanni til að sinna vöktum í sundlaugunum Neslaug og Skeiðalaug í sumar með möguleika á áframhaldandi starfi.

Umsækjandi þarf að hafa náð 18 ára aldri, undirgangast námskeið í skyndihjálpi og standast sundpróf laugarvarða samkvæmt reglugerð um hollustuhætti á sund og baðstöðum.

Starf sundlaugarvarðar felur í sér :

- Afgreiðslu og móttöku á gestum
- Öryggisvarsla sundlaugarsvæðis
- Þrif á klefum og öðrum svæðum laugarinnar

Hæfniskröfur :

- Kurteisi, jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum,
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Hreint sakavottorð

Fólk af öllum kynjum eru hvött til að sækja um.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélagi.

Umsóknir ásamt ferilskrá skal senda á netfangið viktoriaros@skeidgnup.is.

Umsóknarfrestur er til og með 30.apríl 2024



**SKEIÐA- OG
GNÚPVERJAHREPPUR**

Nánari upplýsingar um starfið veitir
forstöðumaður sundlauganna:

Viktoría Rós, í síma 772-2484.



Ungmennafélag Skeiðamanna



Aðalfundur 8.apríl kl 20:00

Gamla bókasafninu í Brautarholti

Óskum eftir nýjum ritara í stjórnina. Hefur þú áhuga á að efla starf ungmennafélagsins og leggja þína hjálparhönd?

Fundarmál:

- Sumardagurinn fyrsti
- Leikjanámskeið
- Skipta um ritara
- Efnahagsyfirlit
- Spilanevnd
- Útihreysti ... og fl.

Neslaug

Opnunartími í apríl 2024:

Miðvikudaga: 17:00-21:00

Sunnudaga: 10:00-14:00



Skeiðalaug

Opnunartími í apríl 2024

Mánudaga: 16:00-22:00

Þriðjudaga: 16:00-22:00

Miðvikudaga: 16:00-22:00

Fimmtudaga: 16:00-22:00

Laugardaga: 10:00-14:00





SAUNAGÚS og FLOTMEÐFERÐ

Við bjóðum upp á kraftmikla og hreinsandi blöndu af SAUNAGÚS og FLOTMEÐFERÐ í dásamlegu Skeiðalaug.

SAUNAGÚS upplifunin er funheit blanda af gleðiríkri samveru í hita, ilm, tónlist og kælingu á milli. FLOTMEÐFERÐ er djúpslakandi íslensk vatnsmeðferð sem ferjar fólk inn í aðra vídd í vatninu um leið og það þiggur meðhöndlun.

FLOTHETTA

í Skeiðalaug

Laugardagur 6.apríl – 15:00 & 17:30 Laugardagur 20.apríl – 15:00 & 17:30
Sunnudagur 7.apríl – 15:00 & 17:30 Sunnudagur 21.apríl – 15:00 & 17:30
Laugardagur 13.apríl – 15:00 & 17:30 Laugardagur 27.apríl – 15:00 & 17:30
Sunnudagur 14.apríl – 15:00 & 17:30 Sunnudagur 28.apríl – 15:00 & 17:30

Verð: 12.900 kr – Skráning á flothetta.is



SAMFÉLAGSVERKEFNI

Margar hendur vinna létt verk

Landsvirkjun vill vera góður granni og hefur því um margra ára skeið starfrækt öfluga sumarvinnuflokka ungs fólks.

Sumarið 2024 munu starfshópar frá okkur sinna fjölbreyttum verkefnum í nágrenni við aflstöðvar okkar.

Nágrannar aflstöðva Landsvirkjunar geta sótt um vinnuframlag og verkstjórn hjá *Margar hendur vinna létt verk* - meðal annars vegna verkefna sem lúta að ræktun, hreinsun, viðhaldi og umhverfisbótum ásamt öðrum samfélagsverkefnum.

Umsóknarfrestur er til og með 15. apríl.

Hægt er að sækja um á landsvirkjun.is/margarhendur

Hafðu samband ef þú ert nágrenni okkar og vilt fá vinnuhóp í heimsókn í sumar.